

Reykjavík 7.6.2022

B.t. Alþingis, nefndasviðs.

Umsögn v. tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2022 - 2025

Að neðan er nokkrar athugasemdir við Tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2022-2025 (þingskjal 834 – 592. mál). Athugasemdirnar eru tölusettar til hagræðis og fylgja nokkurn veginn sömu röð og klausurnar sem þær vísa til í þingsályktunartillögunni.

- 1) (Vegna 1.1.2) Flýta þyrfti Grænbók/Hvítbók. Stefnumótun **getur ekki boðið** í 3 ár (2022-2025).
- 2) (Vegna 1.1.2) Mikilvægt að almenningi sé boðið að taka þátt í stefnumótuninni, ekki aðeins „framkvæmdaáætlum, samstarfsaðilum og hagsmunaaðilum“. **Almenningur** er líka „hagsmunaaðili“.
- 3) (Vegna 1.1.2 og víðar) Vantar vísanir í **reynslu annarra landa** af fjölgun innflytjenda, hvaða lærdóm megi draga af henni, hvað hefur tekist vel og hvað ekki. Æskilegt að þess sæjust merki í tillögunni að slík greining hefði farið fram.
- 4) (Vegna 1.2.1 og víðar). Ekki er útlistað hvaða þjónustu eigi að vænta eða krefjast af þeim fyrirtækjum sem fá fólkið hingað til starfa. Ekki er óeðlilegt að gert sé ráð fyrir þeim í **þjónustukeðjunni**, enda fyrst og fremst í þeirra þágu sem erlendur vinnukraftur kemur til landsins. Hér er áherslan öll á hið opinbera.
- 5) (Vegna 1.2.1) Ekki kemur fram nægur rökstuðningur á því hvers vegna þjónusta við innflytjendur skuli vera „á einum stað“. Fyrst og fremst þarf að skilgreina vel hvaða þjónusta er veitt á hverjum stað. Ef svo er búið um hnútana, þá þarf ekki að vera neitt óhagræði í því að þjónustan sé veitt á fleiri en einum stað. Skoðist í samhengi við kostnað.
- 6) (Vegna 1.2.1) Á tímum netvæðingar mætti í auknum mæli gera upplýsingar aðgengilegar innflytjendum **áður** en þeir koma til landsins. Eftirleikurinn verður auðveldari ef undirbúningur er góður.
- 7) (Vegna 1.2.1 og víðar) Stefnt skuli að því að íslenskunám innflytjenda **hefjist í heimalandinu** (áður en þeir koma til landsins enda oftast einhver fyrirvari á flutningi, þ.e. á friðartímum). Yfirfara hvaða kennsluefni er aðgengilegt á netinu. Þótt námsefni megi bæta og efla, þá er staðan samt þannig nú þegar að innflytjandi getur lært mikið áður en hann kemur til landsins. Ef gerðar eru raunverulegar kröfur um íslenskunám mun framboð efnis aukast af sjálfu sér.
- 8) (Vegna 1.3) Gögn hafa tilhneigingu til þess að safnast á þá staði þar sem þau eru notuð. Fimm milljónir til þess að „þróa vettvang“ mun ekki tryggja að gögnin séu notuð. Þeir liðir sem boðaðir eru í 1.3.2.c) eru dýrari en svo, að 5 mo. dugi.
- 9) (Vegna 1.5) Fjölmenningarstefnur sveitarfélaga eru víða **mjög almennar**, þyrftu að vera raunverulegur leiðarvísir.
- 10) Ekki má ekki líta á það sem sjálfsgöðan hlut að Íslendingar tali **ensku** að staðaldri við fólk sem búið hefur hér árum saman.
- 11) (Vegna 1.6) Kostnaður vanmetinn, ef gert er ráð fyrir að 5 mo. komi að miklu gagni til þess að koma á framfæri uppl. um íslenskt samfélag á „helstu tungumálum innflytjenda á Íslandi“, í

- texta og kynningarmyndböndum. Eðlilegt að **fyrirtækin** sem nýta sér þjónustu innflytjenda kosti sérhæfða upplýsingagjöf, taki þátt í þeim kostnaði með einhverjum hætti.
- 12) (Vegna 1.7) Um túlkabjónustu. Mikilvægt að skilgreina (og **setja mörk**) þeirri túlkabjónustu sem veitt er. Hún takmarkist t.d. við fyrsta árið, eða frumþjónustu. **Væntingar** þurfa að vera til staðar um að innflytjendur læri mál heimamanna, eins og tíðkast víðast hvar þar sem tekið er á móti innflytjendum.
- 13) (Vegna 2.2) Tölur í greinargerð um mikinn fjölda ungmenna af erlendum uppruna sem eru hvorki í námi né vinnu **vekja furðu**. Greina þarf ástæður þessa. E.t.v. kemur takmörkuð íslenskukunnátta þar við sögu, enda vantar upp á að hún sé tekin föstum tökum í skólakerfinu. Talsverð hættu er á að hér festist í sessi **þjóðarbrot** sem kunna litla eða enga íslensku (eins og mörg dæmi eru um að utan) með litla möguleika á að hasla sér völl hér á landi til jafns við innfædda. Tungumálið er hér lykilatriði, þótt fleira komi til.
- 14) (Vegna 2.3) Það er óheppilegt að eftir 3 ár hafi ekki tekist að ljúka rannsókn og birta niðurstöður um hátt hlutfall nemenda með erlendan uppruna í fjölda tilvísana til Ráðgjafar og greiningarstöðvar (sbr. greinargerð bls. 25). Upplýsingaöflun þarf að vera **skilvirk** til þess að hún nýtist við stýringu í þessum málaflokki.

Varðandi Kafa 3., um menntun.

- 15) Fjöldi fólks með háskólapróf á erfitt með að finna sér atvinnu „við hæfi“. Á sama tíma er skortur á vinnukrafti í margvísleg störf sem krefjast lítillar menntunar umfram grunnskólanám (sjá t.d. forsíðu Mbl. 2.6.22). Gæta þarf að því að slík störf séu ekki „töluð niður“ svo mjög að ungt fólk, innlent sem erlent, telji sér ekki fært, **sjálfsvirðingarinnar vegna**, að sinna þeim.
- 16) Í kafla 3 (um Menntun) með átta undirköflum er ekki vikið að eflingu íslenskunáms ungra innflytjenda, sem þó hlýtur að vera **lykilverkefni** og áskorun íslensks samfélags.
- 17) Gæta þarf að því hvaða áhrif aukinn fjöldi innflytjenda hefur á möguleika skóla til þess að sinna menntun innfædda.
- 18) Eðlilegt er að ríki og sveitarfélög einbeiti sér fyrst og fremst að því að efla og **tryggja íslenskukunnáttu** þeirra sem setjast hér að, en styðja jafnframt við framtak foreldra sem vilja halda við móðurmáli barna sinna. En tungumálin eru mörg (um 100) og óraunhæft að ætla að hið opinbera hafi bolmagn til þess að sinna þessu hlutverki að verulegu leyti.
- 19) Foreldrar sem flytjast hingað með börnum sínum telja flestir að menntun í heimalandinu sé lengra á veg komin en hér, miðað við aldur barnanna, og finnst námið hér í nokkrum hæzagangi. Börnin læri því fátt nýtt fyrst um sinn, eftir að hingað er komið. Það er því svigrúm til þess að taka frá tíma í upphafi til þess að læra íslensku vel: Æskilegt að fyrsta árið fari **nánast eingöngu** í íslenskunám (að franskrí fyrirmynd). Að því loknu munu börnin eiga auðveldara með að samlagast í almennum bekkjum, félags- og námslega.
- 20) Það eru ótalmargir liðir í þingsályktunartillögunni sem virðast miða að því að hér festist í sessi ólíkir menningarheimar með litlum samgangi á milli. Og þar sem **helsta brúin** yrði enskan. Í *Leiðarvísi um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi* (2020) er bent á eftirfarandi markmið í kennslu barna með íslensku sem annað mál: „Markmið í kennslu barna með íslensku sem annað (móður)mál eru að þau nái aldurstengdum viðmiðum í íslensku innan hæfilegs tíma, samkvæmt námskrá í íslensku sem öðru máli. Grundvallaratriði er að þau fái góðan faglegan stuðning eftir þörfum alveg frá unga aldri eða strax og þau koma til landsins þannig að þau eigi jafna möguleika og jafnaldrar með íslensku sem móðurmál á áframhaldandi námi og velgengni í íslensku samfélagi“ (bls. 9).

- 21) Fagnaðarefni ef þróað verður **íslenskupróf skv. evrópska tungumálarammanum**. Það geta innflytjendur nýtt sér til þess að sýna fram á íslenskukunnáttu sína, aukið starfsmöguleika o.s.frv. Það er einnig mikilvægt til þess að kennarar af erlendum uppruna geti sýnt fram á íslenskukunnáttu sína og kennt í íslenskum skólum, ef svo ber undir (sbr. <https://www.althingi.is/altext/149/s/1750.html>).

Varðandi gagnaöflun

- 22) Gagnaöflun í þessum málaflokki (um innflytjendur) virðist ganga hægt – og sætir t.d. furðu að ekki skuli hægt að komast að því hvers vegna 39% stúlkna og 31% drengja af erlendum uppruna eru hvorki í skóla né vinnu (í landi þar sem nám er að mestu ókeypis og mikil eftirspurn eftir vinnuafli) (sjá lið 2.2 í greinargerð, bls. 25). Það er einnig óskiljanlegt hvers vegna svörun í „umfangsmikilli könnun“ á viðhorfum flóttafólks hér á landi er aðeins 15%. (bls. 33)
- 23) Einnig má spyrja hvers vegna erlendir ríkisborgarar eru 40% atvinnulausra fyrir Covid og að staðaldri síðan þá (https://www.asi.is/media/316799/vinumarkadsskyrsla-asi_2020.pdf), á meðan fyrirtæki keppast við að fá fleiri starfsmenn til landsins í svipuð störf og innflytjendur flyktust í áður (30 þús. áætlaðir á næstu 10 árum, skv. SA, sjá í því sambandi <https://www.sa.is/frettatengt/frettir/adlogun-innflytjenda>). Hér skortir greiningu, framtíðarsýn og stýringu vinnumarkaðar.

Almennt verður að gæta að því að innflytjendastefna sé til staðar, að ekki ríki sama andvaraleysi um fjórfrelsi gagnvart vinnuafli og ríkti í aðdraganda bankahrunsins varðandi frjálst flæði fjármagns.

Virðingarfyllt,

Ragnar Ólafsson, M.Sc. í félagssálfræði (LSE).

Kt. 2706604369; s. 864 0535